



# Skýrsla stjórnar Hins íslenska náttúrufræðifélags fyrir árið 2007

Aðalfundur félagsins haldinn 23. febrúar 2008  
í fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Kórnum

## Félagsmenn

Félagar í Hinu íslenska náttúrufræðifélagi voru 1.178 í árslok 2007 en voru 1.192 í byrjun ársins. Á árinu gengu 18 manns í félagið en á móti sögðu 20 sig úr félaginu, 13 létust og einn var strikaður út af öðrum ástæðum. Af þeim sem gengu í félagið voru 7 stúdentar eða tæplega 40%.

## Stjórn félagsins

Á aðalfundi félagsins 24. febrúar 2007 voru stjórnarmennirnir Esther Ruth Guðmundsdóttir, Helgi Torfason og Hilmar J. Malmquist endurkjörnir. Á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund skiptu stjórnarmenn með sér verkum:

Helgi Torfason, varaformaður  
Kristinn J. Albertsson, gjaldkeri  
Hilmar J. Malmquist, ritari  
Esther Ruth Guðmundsdóttir, meðstjórnandi og umsjón með fræðslufundum  
Helgi Guðmundsson, meðstjórnandi og umsjón með ferðum  
Droplaug Ólafsdóttir, meðstjórnandi, hún situr í ritstjórn Náttúrufræðingsins.

Stjórnin hélt nýu fundi á árinu. Netfang stjórnarinnar er [stjorn@hin.is](mailto:stjorn@hin.is) en með því er hægt að ná til allra stjórnarmanna samtímis.

## Starfsmenn félagsins

Hrefna Berglind Ingólfssdóttir tók við umsjón félagatala HÍN 1. janúar 2007 af Erling Ólafssyni. Hrefna er einnig ritstjóri Náttúrufræðingsins. Hrefna er starfsmaður Náttúrustofu Kópavogs en samstarfssamningur er milli félagsins og Náttúrustofunnar um þessi verkefni.

## Náttúrufræðingurinn

Árið 2007 kom einn og hálfur árgangur Náttúrufræðingsins út, fjögur hefti 75. árgangs og tvö hefti 76. árgangs, alls þrjú tvöföld hefti. Í byrjun ársins kom út fyrsta heftið (75. árg. 1.-2. hefti) undir ritstjórn Hrefnu Berglindar Ingólfssdóttir sem hóf störf sem ritstjóri tímaritsins í desember 2006.

## Félagsbréfið og heimasíðan

Félagsbréfið kom út þrisvar sinnum á árinu. Fyrsta Félagbréf ársins var sent öllum félagsmönnum heim til að tryggja að boð um aðalfund væri löglegt en seinni bréfin tvö voru send til hluta félaga í tölvupósti.

Heimasíðan hefur verið nýtt m.a. fyrir tilkynningar um fræðslufundi. Félagar og aðrir hafa nýtt sér síðuna til að senda fyrirspurnir til stjórnar og nýir félagar hafa komið inn í gegnum síðuna.

## Nefndarstörf.

*Dýraverndarráð.* Nýtt dýraverndarráð var skipað á árinu. Arnór Þ. Sigfússon fuglafræðingur sem setið hefur í dýraverndarráði fyrir félagið gaf ekki kost á sér áfram í nýju ráði og hætti hann sem formaður ráðsins snemma á árinu að eigin ósk en starfaði áfram með ráðinu þar til nýtt var skipað. Umhverfissráðherra skipaði nýtt ráð á haustmánuðum og var Margrét Björk Sigurðardóttir skipuð sem fulltrúi HÍN.

*Nefndir umhverfissráðuneytis.* Ýmsar nefndir á vegum umhverfissráðuneytis hafa einn sameiginlegan fulltrúa frá frjálsum félagasamtökum og koma félögum sér saman um tilnefningar.

## Fræðsluerindi

Fræðsluerindi á vegum félagsins voru haldin síðasta mánudaga hvers mánaðar kl. 17:15 á tímabilinu september til maí að desember undanskildum. Á vormisserinu voru erindin í stofu 132 í Öskju (Náttúrufræðihús Háskóla Íslands) en vegna kennslu var félagið úthýst úr Öskju á haustmánuðunum. Þá voru erindin haldin í stofu 158, í VRÍI húsi Háskóla Íslands. Sjö erindi voru

flutt á árinu. Gestabókin gleymdist því miður á erindi Dr. Sigurðar H. Magnússonar um gróðurframvindu í Surtsey og því vantar fjölda gesta þá. Á hin sex erindin mættu samtals 191 manns eða 32 að meðaltali á hvern fund. Esther Ruth Guðmundsdóttir sá um skipulag og framkvæmd fundanna.

Árið 2007 voru erindin:

- Dr. Sigurður H. Magnússon gróðurvistfræðingur hélt í janúar erindið „Gróðurframvinda í Surtsey: Útbreiðsla tegunda og dreifingarmynstur“.
- Dr. Gunnlaugur Björnsson stjarnæðlisfræðingur hélt í febrúar erindið „Gammablossar og heimsfræði“.
- Dr. Kristín Svavarsdóttir og Dr. Þóra Ellen Þórhallsdóttir plöntuvistfræðingar héldu í mars erindið „Skeiðarársandur – séður með augum plöntuvistfræðings“.
- Dr. Ævar Petersen fuglafræðingur hélt í apríl erindið „Breytingar á lífríki Breiðafjarðar: Vöktun sjófuglastofna“.
- Bjarni Kristófer Kristjánsson líffræðingur hélt í september erindið „Lifandi steingervingar?“.
- Járngerður Grétarsdóttir plöntuvistfræðingur hélt í október erindið „Skammtímaáhrif sinubruna á Mýrum 2006 á gróður“.
- Dr. Ólafur Ingólfsson jarðfræðingur hélt í nóvember erindið „Jöklafræðingur í Kalahari eyðimörkinni: jarðsaga, fornjökun, demantar og ljón“.

## Fræðsluferðir

Ein fræðsluferð var farin á vegum félagsins árið 2007. Miðvikudagskvöldið 6. júní 2007 gekk rúmlega 20 manna hópur undir traustri leiðsögn Dr. Kristjáns Sæmundssonar á Þríhnjúk í Bláfjallafólkvangi. Vegna veðurs hættu



allnokkrir sem mættir voru á upphafsstað við að ganga og láir það þeim enginn því veður var leiðinlegt og skyggni lengst af ferðar ekkert. Það var blautur en hress hópur sem kom niður að bílunum eftir um tvo og hálfan tíma í roki og rigningu. Þetta var engu að síður fræðandi og áhugaverð ferð.

## Náttúruminjasafn

Á fyrstu mánuðum ársins var lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands til umræðu í Menntanefnd Alþingis. Stjórn HÍN skrifaði opið bréf til þingmanna í Morgunblaðið 13. febrúar þar sem þingmenn voru hvattir til að styðja frumvarpið. Þann 17. mars 2007 voru lög um Náttúruminjasafn Íslands samþykkt með 49 atkvæðum en 14 þingmenn voru fjarstaddir.

Fljótlega var staða safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands auglýst og bærust sjö umsóknir um starfið. Menntamálaráðherra veitti Dr. Helga Torfasyni jarðfræðingi og varaformanni Hins íslenska náttúrufræðifélags safnstjórstöðuna 8. maí 2007. Náttúruminjasafnið hefur aðstöðu að Túngötu 14 í Reykjavík.

## Annað

*Útgáfustjóri og ritstjóri kvödd.*

Á aðalfundi félagsins í febrúar 2007 þakkaði formaður félagsins, Kristín Svavarsdóttir, Álfheiði Ingadóttur ritstjóra Náttúrufræðingsins til 10 ára og Erling Ólafssyni útgáfustjóra til rúmlega 20 ára kærlega fyrir vel unnin störf. Að því tilefni voru þeim færðar bækur að gjöf.



*Umhverfisþing 2007.* Fimmta Umhverfisþing var haldið á vegum umhverfisráðuneytisins á Hótel Nordica í Reykjavík dagana 12.-13. október. Umhverfisþingið fjallaði um náttúruvernd og líffræðilega fjölbreytni nú og í framtíðinni. Úr stjórn HÍN sátu Kristín Svavarsdóttir, Helgi Torfason, Hilmar J. Malmquist og Kristinn J. Albertsson þingið.